

8.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn í fjarfundi miðvikudaginn 9.október 2024 kl. 14:00.

Tekið er fyrir eitt mál sem er viðauki við fjárhagsáætlun 2024.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Delphine Briois Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti kynnir málið og lögð er fram eftirfarandi tillaga að samþykkt;

Viðauki við fjárhagsáætlun 2024.

Lögð er fram tillaga að viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2024. Lögð er til breyting á framkvæmdaáætlun ársins 2024 vegna breytingar bílskúrs við Finnbogastaðaskóla í íbúð að fjárhæð 10 millj. kr. Þá er lögð til lækkun á viðhaldskostnaði Eignasjóðs um 5 millj. kr. Aukning útgjalda sveitarfélagsins vegna tilfærslu og breytinga á fjárhagsáætlun eru 5 millj. kr. sem verður mætt með lækkun á handbæru fé.

Samþykkt samhljóða að hækka fjárheimildir um 5 millj. kr. til fjárfestinga og tilfærslu 5 millj. kr. úr viðhaldskostnaði til fjárfestinga.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.14:30.